

Berist til Siðanefndar Hundaræktunarfélags Íslands
Afrit berist til stjórnar Hundaræktunarfélags Íslands
Fyrir hönd stjórn Vorstehdeildar
Reykjavík, 19.01.2023

Efni: Opið bréf vegna vafasamrar ræktunar á snögghærðum Vorsteh á vegum X

Vorstehdeild hafa borist ábendingar vegna gots á snögghærðum Vorsteh hvolpum þar sem lýst hefur verið áhyggjum yfir að reglum Hundaræktunarfélags Íslands (HRFÍ) hafi ekki verið fylgt. Deildinni þykir ástæða til að taka slíkum ábendingum alvarlega, sér í lagi þar sem stofninn er frekar lítill ásamt því að einhverjir einstaklingar hafa greinst flogaveikir síðustu ár og því ber að vanda alla ræktun til að tryggja heilbrigði stofnsins hér á landi.

Deildin hefur kynnt sér umrætt got og telur ástæðu til að koma álitinu sínu á framfæri við Siðanefnd HRFÍ. Þar sem nokkur atriði virðast ekki standast reglur HRFÍ ásamt því að gotið gæti haft slæm áhrif á heilbrigði Vorsteh stofnsins til frambúðar.

Umrætt got er auglýst af þriðju aðilum í nafni X. Gotið gaf af sér 7 hvolpa, 4 tíkur og 3 rakka. Foreldrarir eru Y, (ættbókarnúmer) og Z (ættbókarnúmer). Farið verður yfir þá ágalla sem eru á fyrirnefndu goti í liðunum hér að neðan.

1. Fyrst ber að nefna að foreldrarir í þessu goti, fyrirnefnd Y og Z eru feðgin. Að para feðgin er ekki í samræmi við Grundvallareglur fyrir félagsmenn HRFÍ, gefnum út 21.04.2020 þar sem skýrt stendur í kafla 2 er varðar ræktun að félagsmanni í HRFÍ ber að: „*Para ekki alsystkyni, föður með dóttur eða móður með syni*“. Að sama skapi má benda á reglur FCI, FCI International Breeding Strategies þar sem segir „*To preserve, or preferably extend, the genetic diversity of the breed, matador breeding and heavy inbreeding should be avoided. Mating between siblings, mother to son or father to daughter should never be performed.*“

Þessi regla hefur ekki verið virt í þessu tilfelli og ef innræktunarhlutfall þessa gots er reiknað, er það 32,812% ef teknir eru saman síðustu þrjú ættliðir eins og sjá má á prentun af Hundavef í viðauka. Þetta hlutfall hækkar þegar fleiri ættliðir eru teknir inn í reikninginn og er 36,292% þegar fimm kynslóðir eru skoðaðar og 36,917 þegar 7 ættliðir eru skoðaðir sem sýnir hversu gríðarlega mikill skyldleiki gotsins er. Ef got sem Y er úr er skoðað er hún með innræktunarhlutfall upp á 12,5%.

Á heimasíðu hundeweb er að finna áhugaverða grein um innræktun/línuræktun¹. Þar er talað um að almennt viðmið sé að skyldleiki fari ekki yfir 6,25% við slíka ræktun. Einnig er minnst á þá staðreynd eins og þekkt er að þótt tveir einstaklingar séu með „gölluð“ gen geta þau verið víkjandi og hafa því ekki áhrif á daglegt líf einstaklingsins, en þegar skyldleikinn er orðin svona mikill eru meiri líkur á að afkvæmi fái sama „gallaða“ genið frá báðum foreldrum sem getur haft áhrif á heilbrigði og skapgerð einstaklingsins.

2. Í Reglum um skráningu í ættbók frá 18.05.2022 er skýr krafa að „*Undaneldisdýr skulu mjaðmamynduð*“. Enn fremur segir eftirfarandi í kafla 10 „*Um kröfur til undaneldisdýra er varða sýnatöku, myndatöku, greiningu rannsóknarstofu eða dýralæknis eða hvers kyns vottorða, gildir, að niðurstaða skal kunn/dagsetning vottorða skal vera fyrir pörun og fylgja með skráningu í ættbók.*“.

Z er skráður með B mjaðmir og barst deildinni upplýsingar um það að Y hafi farið í myndatöku þar sem niðurstöður voru ljósar þann 11 janúar 2023 og uppfyllir því ekki kröfur um að vera mynduð fyrir pörun.

¹ https://www.hundeweb.dk/dkk/public/openIndex?ARTICLE_ID=90&_exp=0

3. Samkvæmt heimildum deildarinnar hafa hvolpar úr gotinu verið seldir af þriðja aðila án ættbókar en með loforði um að ættbókin komi seinna eftir að niðurstöður mjaðmamynda hjá Y liggi fyrir. Þetta brýtur í bága við nokkrar reglur HRFÍ.
 - a. Fyrst skal vísað í lið 2 hér að ofan sem segir að niðurstaða mynda skal kunn fyrir pörun.
 - b. Í Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ segir í kafla 2 er varðar ræktun, „*kaup og sala á óættbókarfærðum hundum er bönnuð*“ og samkvæmt þeim heimildum deildarinnar er X ekki að fara eftir þessum reglum þar sem hvolpar hafa verið seldir án þess að ættbók liggi fyrir. Einnig er skýrt í kafla 3 í sömu reglum er varða sölu hunda, afhendingu og afsal þeirra að félagsmanni í HRFÍ ber að: „*Afhenda ættbók með seldum hundi eða staðfestingu á að búið sé að senda inn beiðni um ættbókarskráningu. Skal ættbókin þá afhendast kaupanda um leið og hún kemur frá HRFÍ. Ræktandi getur ekki krafist fullrar greiðslu fyrir hund fyrr en við afhendingu ættbókarskírteinis (staðfestingar) auk heilsufars- og bólusetningarvottorðs frá dýralækni.*“ Deildinni er ekki kunnugt um að þessum skilyrðum sé fullnægt, en hvetur HRFÍ til að sannreyna hvort búið sé að gefa út ættbók eða senda inn beiðni þess efnis þar sem nú þegar eru flestir, ef ekki allir hvolpar í gotinu farnir til nýrra eiganda
 - c. Í sömu reglum og vísað er í lið 2 kemur fram að í kafla 3, lið 5 að félagsmanni í HRFÍ ber að: „Láta hvolpa aldrei af hendi til aðila sem stunda endursölu (milliliða)....“ en í auglýsingum tengdum gotinu virðist X ekki standa að sölu hvolpanna.

Eitt af aðalmarkmiðum Vorsteh deildarinnar er að standa vörð um faglega ræktun sem skilar heilbrigðum einstaklingum í samræmi við ræktunarstefnur og lög HRFÍ. Deildin gerir sér grein fyrir að slysað geta gerst og ef um það er að ræða í þessu tilfelli er of seint er að bregðast við því. Deildin vonar að einstaklingarnir í þessu tiltekna goti komi til með að verða heilsuhraustir, með góða skapgerð og fái góð heimili þar sem þau fái að njóta sín á heiðum. Aftur á móti er það skoðun deildarinnar að þó svo að stofninn sé ekki stór hefur þetta tiltekna got ekki áhrif á framtíð stofnsins hér á landi þar sem nægjanlegt magn af hreinræktuðum einstaklingum er enn til staðar. Einnig teljum við að þetta got hafi í raun ekkert með ræktun að gera, og er það skylda deildarinnar ásamt HRFÍ að ganga úr skugga um það að þessir einstaklingar verði ekki notaðir til frekari ræktunar eða leyfðir til þátttöku í viðburðum á vegum félagsins og fái því ekki skráða ættbók ef eftir því er óskað á grundvelli liða 1 – 3 hér að ofan. Einnig hvetjum við HRFÍ til að taka ræktunina sem setur nafn sitt við gotið til skoðunar og setji í ræktunarbann.

Enn fremur vill deildin leggja áherslu á það að litið er á ættbókarskráða hvolpa frá HRFÍ sem gæðamerki og ber að verja þann gæðastaðal sem félagið hefur sett sér. Það er hvoru tveggja gott fyrir ræktendur sem eru í félaginu og þá kaupendur sem treysta á að ræktunin sé góð ef hún er skráð af félaginu. Ef got sem uppfylla ekki reglur félagsins eru seld í nafni ræktunar sem er skráð er hjá HRFÍ/FCI býr það til vantraust hjá kaupendum almennt og ætti það ekki að líðast innan félagsins þar sem hagsmunir allra eru í húfi en ekki síst ræktanda innan þeirrar tegundar sem um ræðir. Hvetjum við því Siðanefnd HRFÍ að taka erindi okkar alvarlega og hjálpa okkur að standa vörð um tegundina okkar, sem og aðrar tegundir.

Fyrir hönd Vorstehdeildar HRFÍ

Guðni Stefánsson, formaður

Elín Edda Alexandersdóttir

Ingi Mar Jónsson

Aðrir stjórnarmeðlimir vildu ekki taka afstöðu vegna hagsmunaárekstra

VIÐAUKI

Hundeweb Hundaræktarfélag Íslands hundedatabase på internettet
 Hundaræktarfélag Íslands · Parkvej 1 · 2680 Solrød Strand · Denmark

Dette er en udskrift fra DKK's hundedatabase på DKK's officielle hjemmeside www.hundeweb.dk. Denne udskrift erstatter ikke hundens originale stamtavle.
 This is a printout from DKK's dog database on DKK's webpage www.hundeweb.dk. This printout does not replace the dogs original pedigree



Ættbókarnúmer hunds:			
Nafn hunds: Fiktiv hund [REDACTED]			
Kyn: Race: Født:			
Litur: Innræktunarhlutfall: 32,812% (Reiknað um 3 kynslóðir)			
Faðir hunds: [REDACTED] HD:B			
Móðir hunds: [REDACTED]			
	Föður- og móðurforeldrar	Lang afi/amma	Forfeður í fjórða lið
Forfeður föðurs	ISCFiCh [REDACTED] HD:B1	ISFiCh [REDACTED] HD:A AA:A	[REDACTED]
		ISFiCh [REDACTED] HD:A	[REDACTED]
		C.I.B. ISCh [REDACTED] HD:A2 AA:0	[REDACTED]
	[REDACTED] HD:A2	[REDACTED] HD:A2 AA:A	[REDACTED]
Forfeður móður	[REDACTED] HD:B	ISCFiCh [REDACTED] HD:B1	[REDACTED]
		[REDACTED] HD:A2	[REDACTED]
		ISFiCh [REDACTED] HD:A AA:A	[REDACTED]
	[REDACTED] HD:A-2	ISFiCh [REDACTED] HD:A	[REDACTED]

